

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 19. maí 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, mál nr. 711

Ég er bandarískur fagfjárfestir í framtaks- og vísisjóðum og vil sem slíkur veita frumvarpi um stuðning við fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum – Kría – jákvæða umsögn, sem jákvæðan hvata fyrir fagfjárfesta í íslenska vísisjóði.

Árangursríkt umhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja krefst margra hluta, og vísifjármagn er einn af lykilþáttum þess. Vel menntað vinnuafl, félagslegt öryggisnet, frumkvöðladrifin menning, tæknilegir innviðir og aðgengi að stórum markaði eru mjög mikilvæg, en án vísifjármagns sem er þróað, uppbyggilegt, og þolinmótt, er erfitt – jafnvel ómögulegt – að byggja upp langtíma vöxt sprota og tæknifyrirtækja.

Sem fjárfestir hef ég á síðustu 18 mánuðum hitt alla vísisjóði á Íslandi. Ég hef einnig átt fundi með mörgum sérfræðingum í sprota og nýsköpunarumhverfinu, stuðningsaðilum og frumkvöðlum. Ég hef trú á því að Ísland hafi allt sem er nauðsynlegt til að ná að byggja upp sprota og nýsköpunarumhverfi á heimsmælikvarða, ef Ísland nær að búa til enn betra aðgengi að vísifjármagni. Ísland hefur vel menntaðan mannauð, frumkvöðladrifna menningu byggða á aldalangri þörf til að leysa vandamál, heppilega landfræðilega legu og einstakt umhverfi út frá umhverfis- og loftslagssjónarmiðum.

Ég komst að því eftir að hafa hitt rekstraraðila vísisjóðanna á Íslandi að enn sem komið er hafi engir erlendir fagfjárfestar fjárfest í íslenskum vísisjóðum. Þrátt fyrir að gjaldeyrishöftum hafi verið aflétt fyrir nokkrum árum, og tæknibransinn hafi stækkað, hefur allt fjármagn sem fjárfest er í vísisjóðum komið frá innlendum fjárfestum. Þó að sá árangur sem hefur náðst sé jákvæður, og mér finnst aðdáunarvert hvað hefur verið hægt að gera með takmörkuðu fjármagni, tel ég að nýsköpunarumhverfið gæti vaxið hraðar ef meira fjármagn væri til staðar.

Ég held að besti staðurinn til að leita að meira fjármagni fyrir vísisjóði og nýsköpunarfyrirtæki sé í gegnum erlenda fjárfesta sem leita að áhættudreifingu og góðri ávöxtun. Ísland býður upp á góða áhættudreifingu (þar sem enginn erlendir aðili hefur fjárfest í íslenskum vísisjóðum) og möguleikana á mjög góðri ávöxtun. Það hafa verið góðar útgöngur og niðurstöður fyrir fjárfesta á síðustu fimm árum, og ég geri ráð fyrir að það aukist í framtíðinni, eftir að hafa skoðað nokkur fyrirtækjanna sem eru í eignasafni vísisjóðanna.

Ég trúi því að Kría muni styðja við og hvetja erlenda fagfjárfesta til að fjárfesta í íslenskum vísisjóðum vegna tveggja þátta. Í fyrsta lagi sýnir það fram á með þýðingarmiklum hætti að ríkið styðji við nýsköpunarumhverfið og vilji styðja fyrirtæki til árangurs. Í öðru lagi skapar það aukna hvata til mögulegra fjárfesta í vísisjóðum sem eru að meta fjárfestingar á Íslandi, í samburði við önnur lönd.

Eins og ég skil sjóðinn, myndi hann leyfa fjárfestum að auka fjárfestingu sína í sjóðnum þegar jákvæðir vísar liggja fyrir. Allar fjárfestingar bera áhættu, en Kría myndi auka mögulegan ávinning þess að fjárfesta á Íslandi. Í ljósi þess að alþjóðlegir fagfjárfestar hafa úr miklu að velja þegar kemur að fjárfestingum, trúi ég því að Kría muni gera fjárfestingar í íslenskri nýsköpun það eftirsóknarverðar að hún laði að erlent fjármagn sem annars færi eitthvert annað.

Um mig: Ég hef starfað í framtaks- og vísisjóðum síðan 1997, sem rekstraraðili, ráðgjafi og fjárfestir. Ég sit í dag í stjórn nokkurra sjóða í Bandaríkjunum og Ísrael. Ég hef tekið þátt í að fjárfesta meira en \$3.5 milljörðum í framtaks- og vísisjóði fyrir hönd bandarískra lífeyrissjóða, háskólasjóða, stofnana og fjársterkra einstaklinga. Ég á og held heimili í Reykjavík, og er að setja á fót bandarískan sjóð sem mun fjárfesta í íslenskum vísi- og framtakssjóðum.

Virðingarfyllst,

J. Heath Cardie, CFA

Framkvæmdastjóri

heath@1248management.com

1248 Management, LLC (Bandaríkin)

Arrowhead ehf. (Ísland)

(English version)

As an U.S. based institutional investor in private equity funds, I would like to offer my support of the Kria Fund program as an attractive incentive for limited partners to invest in Iceland based venture capital funds.

While many elements are required for a successful startup an innovative business community, venture capital is an essential. An educated work force, supportive social structure, entrepreneurial culture, supporting technical resources and large potential market are needed for success, but without venture capital that is sophisticated, constructive and patient, there cannot be long term growth of startup technology companies.

As an investor, over the past 18 months I have met with every venture capital and private equity fund in Iceland. I have also met with many other industry professionals, incubator coordinators and start up entrepreneurs. I believe that Iceland has all the critical components to be successful in developing a world class start up center for companies if Iceland can gain better access to venture capital for fund managers to invest in companies. Iceland has a highly educated work force, an entrepreneurial spirit developed from centuries of having to solve problems and a unique position in the world both geographically and environmentally.

As I met with all the funds in Iceland, I learned that there are no foreign institutional investors in any of the funds. Even though capital controls were lifted several years ago and the technology sector has been growing, all of Iceland's venture capital has been coming from domestic investors. While this is commendable and I am impressed with what has been done to date with limited resources, I believe the start up community could grow faster and more companies could be built if there was more capital available.

I think the most logical place to look for more venture capital is international investors who are seeking diversification and good returns. Iceland offers good diversification for investors (no one currently has exposure to Icelandic venture capital funds) and the potential for high returns. There has been some good exits and realizations for investors over the past 5 years and I expect there are more coming after reviewing some of the companies in some of the portfolios.

I believe the Kria fund would encourage international investors to invest in Icelandic venture capital funds for two reasons: 1. It demonstrates, in a significant way, that the government is supportive of the industry and will help companies succeed, 2. It provides an extra incentive to potential limited partners who are considering an investment in Iceland compared to other countries. As I understand the fund, it would allow limited partners to increase their investment after positive results were already visible. While all investing requires risk, this would increase the potential returns for new limited partners without increasing the capital required to be invested. Given the many investment options in the world that are available to international investors, I feel the Kria fund program would be attractive enough to draw investment to Iceland that might otherwise go somewhere else.

I strongly support the passage of the Kria fund program and am happy to help with this program in any way possible. As a potential limited partner in Icelandic venture capital funds I would also hope to use the program for the benefit of innovation in Iceland and our portfolio.

About me: I have been working in private equity and venture capital since 1997 as a general partner, consultant and investor. I am currently on the board of several funds in the US and Israel. I have been active in the investment of over \$3.5 billion USD into private equity and venture capital funds on behalf of U.S. based pension funds, endowments, foundations and high net worth individuals. I am a resident of Iceland and homeowner in Reykjavik. I am working on forming a U.S. based fund that would invest in Icelandic venture capital and private equity funds.

Respectfully,

J. Heath Cardie, CFA

Managing Director

heath@1248management.com

1248 Management, LLC (USA)

Arrowhead ehf. (Iceland)